



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar við Jöfursbás 11.

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úthlutun lóðar við Jöfursbás 11:

" a) Verður „sérstakur vatnastrætó“ með reglubundnar ferðir sem tengir hverfið beint við miðborgina? b) Mun 15 fermetra grænmetisgarður og möguleiki til hæsnahalds fylgja hverri íbúð? c) Hvaða hverfi nákvæmlega er miðað við í gr. 4 skilmálanna sem vísað er til hjá Þjóðskrá? d) Er að mati borgarlögmans hættu á hagsmunaaárekstrum milli Félagsbústaða og verkefnisins? "

Svar:

a) Hugmyndir um vatnastrætó komu fram í sigurtillögu í skipulagssamkeppni fyrir Gufunes. Það er ein af mörgum hugmyndum varðandi samgöngur hverfisins. Engin ákvörðun hefur verið tekin um rekstur vatnastrætó.

b) Forsvarsmenn lóðarhafa hafa viðrað við borgina þá hugmynd að hluti af grænu svæði austan við reitinn verði nýtt í almenningskálgarða með sama hætti og er víðar í borginni. Þessar hugmyndir eru til skoðunar.

c) Þjóðskrá er með vandaða verðsjá fasteigna eftir hverfum. Vonast er til þess að Gufunes verði sérgreint hverfi í þeirra verðsjá enda munur á verðþróun á nýjum og eldri íbúðum. Ef ekki verður komið sérstakt hverfi þegar fyrstu íbúðum er úthlutað verður notast við meðaltal næstu tveggja hverfa: Borga og Rima.

d) Samkvæmt úthlutunarskilmálum lóðarinnar settum af Reykjavíkurborg er Félagsbústöðum veittur kaupréttur að 5% íbúða við Jöfurbás 11 við fyrstu sölu þeirra og skal þeim rétti vera þinglýst sem kvöð. Ákvörðun um hvort umræddur kaupréttur sé nýttur er tekin af framkvæmdastjóra Félagsbústaða hverju sinni, oft að höfðu samráði við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Slík ákvörðun er innan prókúruumboðs framkvæmdastjóra og í samræmi við tilgang Félagsbústaða samkvæmt samþykktum félagsins, sbr. 3. gr. og 1. mgr. 21. gr. samþykktu Félagsbústaða hf. dags. 27. maí 2019. Stjórn félagsins tekur því ekki ákvörðun hvort kaupréttur skuli nýttur. Því verður ekki séð að hættu sé á hagsmunaaárekstrum milli Félagsbústaða og verkefnisins og vanhæfi stjórnarformanns félagsins í því samhengi.

Óli Jón Hertervig